

ENN UM LOKUN DEILDAR 11 Á KLEPPI

*eftir Andreu Þórðar-
dóttur og Jóhönnu
Práinsdóttur*

Okkur brá óneitanlega illilega í brún þegar við fréttum að endurhæfingardeild Kleppspítala, deild 11, hefði verið lokað.

Og sár vonbrigði voru það að kynnast viðhorfum yfirlæknisins, Tómasar Helgasonar, til lokunar deildarinnar, eins og þau birtast sjá um okkar í viðtali við hann í Alþýðublaðinu 23. ágúst sl., en þar er á yfirlækninum að skilja að við niðurskurð sé deild 11 sú deild á Kleppi sem helst mætti missa sig. Við teljum okkur þekkja mjög vel til starfsemi deildarinnar bæði vegna starfs okkar í Geðhjálp og eigin reynslu vegna vandamanns sem notið hefur góðs af henni. Finnst okkur að í viðtalinu komi fram silft vanmat, skilningsleysi

og jafnvel vanþekking á gildi deildar þessarar að við getum ekki orða bundist.

1. Yfirlæknirinn bendir á að innan geðdeildar Landspítalans séu a.m.k. fimm aðrar deildir tilbúnar til að taka við hlutverki deildar 11. Við viljum leyfa okkur að mótmæla því. Deild 11 var eina deildin sem ekki sinni bráðþjónustu jafnframt endurhæfingu. Það liggur í augum uppi að unnt er að vinna markvissara að endurhæfingu ef sjúklingar eru allir nokkuð á batavegi og starfsfólk þarf ekki jafnframt að sinna bráðveiku fólki.

Á deild 11 var því í boði öflugra endurhæfingarprogram en aðrar deildir geta boðið upp á.

Deild 11 var brautryðjandi í því að hanna meðferðarprogram sem fyrst og fremst miðaði að því að þjálfa unga geðsjúklinga

til sjálfsbjargar og virkrar þátttöku í lífinu (atferlismeðferð). Slík meðferð gerir miklar kröfur til starfsfólks enda hafði með árunum myndast einstaklega samhentur kjarni starfsfólks á deild 11 sem vann að þessu af brennandi áhuga og lagði á sig ýmsa aukavinnu-sem aldrei var mæld í peningum. Nú hefur þessum hópi verið tvístrað og vitaskuld mjög vafasamt hvort unnt verði að kalla hann saman á ný til starfa ef yfirvöldum skyldi einhvern tíma þóknast að opna deildina.

2. Yfirlæknirinn talar um að útvega þeim sjúklingum sem annars hefðu verið á deild 11 þjálfun við hæfi, t.d. á vernduðum vinnustöðum. Það kemur okkur afar spánskt fyrir sjónir þar sem hlutverk deildar 11 var einmitt að þjálfa sjúklinga til að geta yfirleitt unnið á vernduðum vinnustað.

3. Ein röksemdin sem yfirlæknirinn færir fyrir því „að skásta lausnin“ hafi verið að loka deild 11 er sú að deildin hafi hvort eð er verið lokað vegna sumarleyfa. Telur hann silft afleiðt þar sem það þýði að fólk megi ekki veikjast nema á ákveðnum tímum. Þetta lýsir grundvallarmisskilningi á starfsemi deildar 11. Eins og áður er sagt hefur deild 11 aldrei séð um móttöku bráðasjúklinga. Deild 11 var þess vegna eina deildin sem gat lokað vegna leyfa. Til þess ráðs var gripið af þremur orsökum:

- Til að spara ríkinu peninga.
- Sem liður í því að venja sjúklinga við að búa utan deildarinnar.
- Meðferðarprogram sem þetta þýðir ekki að reka með afleysingafólki.



Andrea Þórðardóttir



Jóhanna Práinsdóttir

„En við viljum leyfa okkur að halda því fram að hér hafi ekki verið sparað á réttum stað, þar sem deild 11 var með meðferð sem engin önnur deild getur boðið upp á og ekki hlaupið að því að taka þráðinn upp að nýju ef deildin verður lengi lokað.“

Hér sýnir sig því sem oftast að það er hættulegt fyrir fólk að taka það upp hjá sjálfu sér að spara ríkinu peninga.

Auðvitað erum við, sem „hagsýnar húsmaður“, skattborgarar og jafnvel menn sammála því að stjórnendur sjúkrahúsa eigi ekki að fara fram úr gerðri fjárhagsáætlun. En við viljum leyfa okkur að halda því fram að hér hafi ekki verið sparað

á réttum stað, þar sem deild 11 var með meðferð sem engin önnur deild getur boðið upp á og ekki hlaupið að því að taka þráðinn upp að nýju ef deildin verður lengi lokað.

Okkur hefði t.d. þótt eðlilegra ef niðurskurður var nauðsynlegur að loka annarri af tveimur deildum innan geðdeildar Landspítalans ætlaðri áfengissjúklingum, ekki af því að við viljum rýra hlut þeirra, heldur af þeirri einföldu ástæðu að með tilkomu SÁÁ og víðtækri starfsemi þeirra samtaka hlýtur fremur að hafa dregið úr þörf fyrir rekstri slíkra deilda innan geðdeildar Landspítalans en deildar 11. Það unga fólk sem komst til döngunar vegna starfsemi hennar á að okkar mati ekki í önnur hús að vernda. Því miður er því fólki lítt samt að berjast fyrir sínu á opinberum vettvangi og þess vegna er líka auðveldara fyrir ráðamenn að jarða starfsemi sem skiptir þá sköpum þegjandi og hljóðalaust en annarra sjúklinga. Við vonum þó einlæglega að svo verði ekki í þessu tilfalli og deild 11 verði opnuð sem fyrst aftur.

F.h. stjórnar Geðhjálpar.

Höfundar eru í stjórn Geðhjálpar.